

Svo kom illskan ...

Femínísk túlkun Ivone Gebara á illskunni

Inngangur

Illska er hugtak sem venjulegt fólk grípur tæpast til daglega, það er fyrst þegar einhverjir óstjórnlega sorglegir eða hryllilegir atburðir hafa átt sér stað að fólk finnur hjá sér þörf til að nota svo tilþrifamikið orð! Mörg dæmi mætti taka þar um en hér verður látið nægja að nefna aðeins eitt sem ekki virðist alltof fjarlægt. Nánar tiltekið mátti lesa á skiltum og borðum þeirra sem söfnuðust saman til að heiðra minningu þeirra sem létu lífið í hryðjuverkaárásinni í Stokkhólmi í apríl 2017 setningar eins og þessar: „Við stöndum saman gegn illskunni“, „Illskan má ekki sigra“, sem og „... og svo kom illskan einnig til okkar lands“.¹

Orð tengd illsku eru allnokkur í íslensku máli, svo sem illmenni, illvirki og illdeilur. Dæmi um þau má finna víða, t.d. í ævafornu riti Habakkuks spámanns í Gamla testamentinu² en spámaðurinn kvartar yfir ranglæti í samfélaginu og spyr Guð: „Því sýnirðu mér illskuna og horfir aðgerðalaus á ranglætið? Hví eru fyrir augum mér ofbeldi og rán sem vekja ágreining og kveikja illdeilur? Vegna þessa sljóvgast réttvísinn og réttlætið sigrar ekki, illmennið situr um hinn réttláta og því er rétturinn afskræmdur.“ [...] „Því horfirðu þá aðgerðalaus á illvirki þeirra ...?“ (Hab 1.3–4, 13). Segja má að orð hins forna spámanns lýsi reynslu og spurningum manna á öllum öldum frammi fyrir raunveruleika illskunnar. Hvernig stendur á illskunni, hvaðan kemur hið illa og niðurrífandi afl sem eyðileggur manneskjur og mannleg samfélög? Hvers vegna sigrar illskan en ekki réttlætið? Hvar er Guð í neyð og þjáningu manna? Hvort er sterkara þegar allt kemur til alls: hið góða eða hið illa?

Markmið greinarinnar er þó ekki að fjalla um ofangreindar klassískar, tilvistarlegar spurningar. Það hafa fjölmargir fræðimenn gert og ástæðulaust að bæta við enn einni ritsmíðinni í þann flokk. Markmiðið er fyrst og fremst að öðlast skilning á skrifum eins fremsta samtímaguðfræðings Suður-Ameríku nú um stundir um illsku og frelsun frá hinu illa. Hér er nánar tiltekið átt við skrif brasilísku nunnunnar og guðfræðingsins Ivone Gebara (f. 1944) sem fjallar um efnið frá femínísku sjónarhorni í bókinni *Out of the Depths: Women's Experiences of Evil and Salvation*.³ Hvað einkennir túlkun Gebara á illskunni og hvaða áhrif hefur femínískt sjónarhorn hennar á þá

¹ Nokkur dæmi um þetta mátti finna víða á veraldarvefnum í apríl 2017. Eitt dæmi er blogg Pernillu Wahlgren sem hófst á þessum orðum: „Så kom ondskan även till vårt land“, „När ondskan kom till Stockholm“, 8. apríl 2017, sótt 28. maí 2018 af <http://pernillawahlgren.se/pernillas-blogg/nar-ondskan-kom-till-stockholm.html>.

² Rit Habakkuks spámanns er talið skrifað í lok sjöundu aldar fyrir Krist en ýmislegt í því riti þykir minna á Jobsbók þar sem illskan er eitt meginstefið.

³ Ivone Gebara, *Out of the Depths: Women's Experiences of Evil and Salvation*, þýðing úr spænsku eftir Ann Patrick Ware, Minneapolis: Fortress Press, 2002.

túlkun? Það er meginspurningin sem hér verður glímt við. Staldræð verður við á nokkrum stöðum á leiðinni að illskuskilningi Gebara. Í upphafi greinarinnar verða tekin nokkur dæmi um mismunandi orðfæri Páls postula um illsku í bréfum Nýja testamentisins. Einnig verður stuttlega dregið niður fæti meðal velþekktra guðfræðinga og heimspekinga sem fjallað hafa um illskuna í vestrænni, kristinni hefð. Það eru þó aðeins vörður á leiðinni til dýpri skilnings á hinu klassíska efni í meðförum Ivone Gebara.

Páll postuli og illskan

Biblíufræðingurinn Willard M. Swartley hefur fjallað um birtingarmyndir hins illa í Nýja testamentinu. Skoðun hans er sú að höfundar rita Nýja testamentisins tjái það skýrt og greinilega að tilgangur komu Jesú Krists í heiminn hafi verið að yfirvinna illskuna. Allt starf Jesú hafi einkennst af baráttu gegn valdi hins illa í heiminum, afli sem náði jafnt til einstaklinga sem pólitískra valdakerfa.⁴ Lítum á nokkur dæmi sem Swartley notar til að styðja ofangreinda staðhæfingu en ég vel að takmarka þau við rit sem eignuð eru Páli postula. Swartley skiptir orðfæri Páls um hið illa upp í fimm meginflokka. Í fyrsta lagi er hið illa persónugert og kallað Satan eða djöfulinn og sækir Swartley dæmi um það í lokakafli Rómverjabréfsins þar sem segir að Guð friðarins muni bráðlega sundurmola Satan undir fótum hinna kristnu en jafnframt eru hin trúuðu beðin um að vera „vitur í því sem er gott en fákunnandi í því sem illt er“ (Róm 16.19–20). Í þessum texta og fleirum telur Swartley að finna megi þeirri skoðun stoð að heimurinn sé vettvangur átaka góðra og illra afla. Hin trúuðu séu að sjálfsögðu á bandi hins góða og standi frammi fyrir því erfiða verkefni að verjast Satan sem sé lævis og svikull og beiti stöðugum blekkingum og lygum.⁵

Annars konar birtingarmynd hins illa í skrifum Páls postula er að finna í tíunda kafla Fyrra Korintubrúfs þar sem segir: „Nei, skurðgoðadýrkendur blóta illum öndum, ekki Guði. En ég vil ekki að þið hafið samfélag við illa anda. Ekki getið þið drukkið bikar Drottins og bikar illra anda. Ekki getið þið tekið þátt í borðhaldi Drottins og borðhaldi illra anda“ (1Kor 10. 20–21). Í þessum orðum um illa anda segir Swartley að heyra megi enduróm við banni við skurðgoðadýrkun sem eigi rætur sínar að rekja til Gamla testamentisins. Líkt og þar ráðleggi Páll að ekki skuli daðrað við hina illu anda heldur skuli kristið fólk forðast að eiga samskipti við þá. Þriðji hátturinn að tala um hið illa sem Swartley nefnir í Nýja testamentinu tengist hugtökunum synd, holdi og dauða. Páll staðhæfi að hið illa hafi áhrif á holdið sem sé veikt og í uppreisn gegn anda Guðs (Róm 7.5–18, 8.3–9; Gal 5.16–18, 24.6–8). Fyrir tilstuðlan holdsins verði jafnvel sjálft lögmálið orsök syndar og þannig komist menn undir vald dauðans (Róm 5.5–25). Páll, ítrekar Swartley, talar aftur og aftur um að hin kristnu skuli íklæðast hinu nýja (góða) og leggja af hið gamla (illa). Hið illa tengist syndum holdsins sem afvegaleiði manninn. Hið nýja góða líf felist í að lifa í andanum og bera góðan ávöxt hans (Gal 5.16–23; Kól 3.1–17). Páll kalli þó

⁴ Willard M. Swartley, „Jesus Christ: Victor over Evil“, *Transforming the Powers: Peace, Justice and the Domination System*, ritstj. Ray Gingerich og Ted Grimsrud, Minneapolis: Fortress Press, 2006, bls. 96–112. Ég mun ekki taka afstöðu til ofangreindrar staðhæfingar í þessari grein.

⁵ Willard M. Swartley, „Jesus Christ: Victor over Evil“, bls. 101–102.

syndirnar vissulega hvergi illt afl berum orðum, fremur megi segja að öll guðfræði hans gangi út á að hin kristnu beri kennsl á hvornig hin illu öfl vinni gegnum holdið og syndina og nýti sér mannlegan veikleika til að ná valdi yfir þeim.⁶

Fjórða birtingarmynd hins illa, í meðförum Páls postula, telur Swartley felast í þeim öflum sem liggi til grundvallar heiðnum trúarhefðum og heimspeki sem einnig búi að baki þeim lög(mál)um sem gripið sé til í því skyni að réttlæta vanabundna breytni sína. Dæmin sem Swartley nefnir um þetta eru úr Galatabréfinu annars vegar og Kólossubréfinu hins vegar. Í því fyrra sé talað um að kaupa þá lausa sem séu undir lög máli svo að þeir gerist aftur börn Guðs. Þetta er einnig orðað svo að þeir sem þekki ekki hinn sanna Guð séu þrælur guða sem séu í raun falsguðir (Gal 4.5, 7–8). Í Kólossubréfinu finnur Swartley svipað dæmi um að hin kristnu verði að gæta þess að láta engan hertaka sig með „marklausu, villandi spekitali sem byggist á mannasetningum“, tali sem komið sé frá heimsvættunum en ekki frá Kristi (Kól 2.8). Þannig er það skoðun Swartleys að Páll líti svo á að þessi öfl séu ill fyrir þær sakir að þau hamli gegn frelsi hins kristna manns. Aðeins vald hins góða boðskapar Krists geti frelsað mannkyn undan oki syndarinnar, samanber orð Páls um Jesú Krist „sem gaf sjálfan sig fyrir syndir okkar til þess að frelsa okkur frá hinni yfirstandandi vondu öld, samkvæmt vilja Guðs vors og föður“ (Gal 1.4).⁷

Nátengt fjórða flokknum er hinn fimmti og síðasti en þar leggur Swartley áherslu á að illskan tengist alls konar birtingarmyndum yfirvalds í heiminum sem hann ýmist kallar háseti, herradóma, tignir, vald eða kraft.⁸ Þótt umfjöllun um yfirvöld heimsins sé í sumum tilvikum jákvæð verði þau auðveldlega verkfæri hins illa, ef Kristur sé ekki við völd. Mörg dæmi um þetta síðasta afbrigði telur Swartley að megi finna í bréfum eignuðum Páli postula en hér munu aðeins örfá lätin nægja. Hið fyrsta kemur úr Fyrri Korintubréfi þar sem fjallað er um endalok tímanna en þar segir að þegar endirinn komi þá muni Kristur selja „ríkið Guði föður í hendur, er hann hefur að engu gert sérhverja tign, sérhvert veldi og kraft. Því að Kristur á að ríkja uns hann hefur lagt alla fjendurna að fótum sér. Dauðinn er síðasti óvinurinn sem verður að engu gerður“ (1Kor 15.24–26).

Í Kólossubréfinu finnur Swartley svipað orðfæri um vald Jesú yfir sérhverri tign og sérhverju valdi (Kól 2.10) og sama er uppi á teningnum í Efesusbréfinu þar sem segir um Jesú að hann sé „ofar hverri tign og valdi og mætti, ofar öllum herradómi og sérhverju nafni sem nefnt er, ekki aðeins í þessari veröld heldur og í hinni komandi“ (Ef 1.20–22). Í sama bréfi, bendir Swartley á, er einnig talað um hið illa sem djöfulinn og myrkrið, í sömu andrá og tignirnar og völdin, samanber: „Klæðist alvæpni Guðs til þess að þið getið staðist vélabrögð djöfulsins. Því að baráttan sem við eigum í er ekki við menn af holdi og blóði heldur við tignirnar og völdin, við heimsdrottna þessa myrkurs, við andaverur vonskunnar í himingeimnum. Takið því alvæpni Guðs til þess að þið getið veitt mótstöðu á hinum vonda degi og haldið velli þegar þið hafið sigrað allt“ (Ef 6.11–13).⁹

⁶ Sama rit, bls. 102.

⁷ Sama rit, bls. 102–103.

⁸ Sama rit, bls. 103.

⁹ Sama rit, bls. 104–105.

Hið illa kemur ekki að utan heldur býr í hverjum manni

Guðfræðingar og heimspekingar hafa jafnan talið sig vel í stakk búna til að fjalla um illskuna en allt frá tíma kirkjuféðranna og fram á okkar tíma hefur illskan verið mikilvægt stef innan þessara fræðigreina. Það má meðal annars skýra með því að illskan sé eitt af mikilvægum umfjöllunarefnum höfunda rita Gamla og Nýja testamentisins eins og hefur verið sýnt með nokkrum dæmum hér að framan.

Samtímaheimspekingurinn Arne Johan Vetlesen myndi taka undir hið framan-sagða en hann bendir á að gríðarlega mikill efniviður sé fyrir hendi vilji fræðimenn fara inn á svið illskunnar. Það sé hins vegar vandamál að efnistöð fræðimanna séu svo mismunandi að þegar upp sé staðið sé gjarnan fleiri spurningum ósvarað en áður en lagt var upp.¹⁰ Vetlesen sem hefur fjallað ítarlega um illsku í rannsóknum sínum forðast að tala um hið illa sem frumspekilegt afl. Hann leggur áherslu á að hið illa komi ekki að utan heldur búi það innra með hverjum og einum og kringum-stæðurnar laði það fram. Illska er þar af leiðandi í hans huga einfaldlega hugtak yfir ill verk manna, illvirki sem fólk er fært um að fremja við tiltekna aðstæður. Þetta sjónarmið er hófsamt. Flest getum við verið sammála um að margvísleg breytni fólks sé af illum toga eða leiði til ills. Við vissar kringumstæður, án þess að vera þvingaðir til þess, velji einstaklingar að koma illu til leiðar, valda öðrum sársauka og skaða. Það er í slíkum vilja og löngun sem Vetlesen skynjar kjarna illskunnar.

Í heimspekilegri og sögulegri rannsókn velur Vetlesen að varpa ljósi á illvirki sem framin eru af hóp(um). Þetta fyrirbæri kallar hann á ensku „collective evil“. Illskan í þessu samhengi vísar til illra verka sem sannanlega hafa átt sér stað og hann leggur áherslu á illvirkjana sjálfa og tilfinningar þeirra. Öll erum við fær um að fremja ill verk, staðhæfir Vetlesen, því að þau eru einfaldlega sá verknaður að valda annarri manneskju, meðvitað og gegn vilja hennar, sársauka og þjáningu og leitast þar með við að valda henni alvarlegum og fyrirsjáanlegum skaða. Hluti mannlegs atbeina felst í viljanum eða lönguninni til að koma illu til leiðar og beinast spurningar Vetlesens að því hvernig slík einstaklingsbundin löngun yfirfærast á hópa og birtist í sameiginlegri breytni af illum toga. Arne Vetlesen hefur fyrst og fremst áhuga á birtingar-myndum illskunnar í samtímanum. Markmið hans er þar af leiðandi ekki að ráða gátu hins illa, líkt og margir guðfræðingar og heimspekingar hafa spreytt sig á í áranna rás. Í bók sinni gerir hann upp við ýmsar heimspekilegar, félagslegar og sálfræðilegar túlkanir á illsku og finnur þeim það helst til foráttu að í þeim sé litið framhjá tilfinningunum óvild og fjandskap sem búa í manninum sem veru en, eins og við eigum eftir að sjá, er ýmislegt líkt í viðhorfum Vetlesens og þeim sem við eigum eftir að kynnast hjá Gebara. Áður en við snúum okkur alfarið að túlkun hennar skulum við staldra örstutt við hjá nokkrum þekktum guðfræðingum sem líkt og hún hafa lagt sig fram við að greina og túlka illskuna í samtíma sínum.

¹⁰ Arne Johan Vetlesen, *Evil and Human Agency: Understanding Collective Evildoing*, Cambridge: Cambridge University Press, 2005, bls. 2.

Arfleifð Ágústínusar: Hið illa er raunverulegt en ekki jafnoki hins góða

Að sniðganga heilagan Ágústínus í umfjöllun um illskuna væri móðgun við guðfræðisöguna. Öllum guðfræðingum sem leitast við að fjalla um hið illa ber bókstaflega skylda til að minnast á hann, jafnvel þótt það sé gert mjög stuttlega eins og hér. Ástæðan er sú að grundvallarsjónarmið Ágústínusar varðandi hið illa hafa litað vestræna kristni allar götur síðan í fornöld, sama hvaða kirkjudeild um ræðir. Samkvæmt skilningi Ágústínusar er illskan raunveruleiki sem blasir hvarvetna við í heiminum og beinlínis krefur manninn um andsvar. Jafnframt er hún mikil mótsögn og eiginleg ranghverfa boðskaparins um algóðan Guð sem skapaði heiminn og manninn í sinni mynd.¹¹

Þrátt fyrir þessa innsýn varðandi raunveruleika illskunnar í heiminum vildi Ágústínus fordast að gera henni of hátt undir höfði. Staða og vald hins illa mátti ekki skyggja á stöðu og vald hins góða. Leið hans til að leysa þetta vandamál litaðist mjög af nýplátónskum viðhorfum samtíðar hans og gekk að vissu leyti út á að skýra uppruna illskunnar, eða með öðrum orðum, leið hennar inn í heiminn sem er skapaður góður af Guði. Það atriði sem heltók huga hans var hvernig hægt væri að komast hjá því að draga þá ályktun að illskan tilheyrði því sem góður Guð hefði skapað. Svar hans við spurningunni um hvernig illskan kom í heiminn var að þar væri um að kenna frjálsum vilja mannsins en Guð hefur gefið manninum frjálstan vilja. Það er viðsnúningur viljans, í ranga átt, sem opnar illskunni leið inn í heiminn.¹² Ágústínus lagði dæmið upp þannig að ef hægt væri að segja að við hefðum fyrir því sannanir að (al)góður Guð væri til mætti draga þá ályktun að slíkur Guð gæti ekki skapað neitt sem illt væri. Hann setti röksemdafærslu sína síðan fram á eftirfarandi hátt: Allir hlutir sem Guð hefur skapað eru góðir. Hið illa er ekki gott. Guð getur því ekki hafa skapað hið illa, eða með breyttu orðalagi, hið illa er ekki skapað(ur hlutur).¹³

En hví skipti það Ágústínus svo miklu máli hvort hið illa væri skapað eða ekki? Er ekki hitt meginatriðið, þ.e. að hið illa er raunverulegt afl sem mannkynið þekkir af reynslu í heiminum? Kjarna þeirrar staðhæfingar neitaði Ágústínus auðvitað ekki, þvert á móti, en jafnframt var hann einbeittur hvað það varðaði að finna illskunni sinn rétta stað frammi fyrir guddóminum. Í hugmyndaheimi hans var eðlilegt að tala um guddóminn sem æðstu veru og það gerði hann. Að þeirri forsendu gefinni að Guð væri æðsta vera í heiminum ályktaði hann á þá leið að Guð væri til en illskan hins vegar ekki. Þótt hún væri raunveruleg, væri hún í heiminum án verundar. Með þessu orðalagi vildi hann gera ljóst að Guð og illskan stæðu ekki jöfn að vígi í heiminum. Vald þeirra væri ekki sambærilegt. Illskan væri ekki jafnoki hins góða, þrátt fyrir að vera raunveruleg og skaðleg. Áhrifum hennar í heiminum afneitaði hann ekki, það var ekki það sem verundarleysið átti að undirstrika heldur hitt að illskan sem afl væri þegar allt kæmi til alls ekki jafnoki hins góða.¹⁴ Guðfræðileg og rökfræðileg niðurstaða Ágústínusar varðandi illskuna og stöðu hennar í heiminum heillaði fólk á sinni tíð og langt fram eftir öldum. Aðalatriði hennar, og þau atriði

¹¹ Einar Sigurbjörnsson, *Credo: Kristin trúfræði*, Reykjavík: Háskólaútgáfan og Guðfræðistofnun, 1993, bls. 138.

¹² Ágústínus, *The City of God*, Harmondsworth: Penguin, 1984, bls. 473–480; Einar Sigurbjörnsson, *Credo*, bls. 138.

¹³ Ágústínus, *Játningar*, íslensk þýðing eftir Sigurbjörn Einarsson, Reykjavík: (án forlags), 1961, bls. 174.

¹⁴ Einar Sigurbjörnsson, *Credo*, bls. 131–144.

sem hafa lifað allt fram á þennan dag, eru að raunveruleiki illskunnar er viðurkenndur en samtímis undirstrikað að sá raunveruleiki hefur ekki síðasta orðið í glímu hins góða og illa. Hið góða mun að lokum ætíð verða hinu illa yfirsterkara.

Illskan og valdið fléttast sífellt saman

Það eru ekki síst þessi klassísku atriði um stöðu illskunnar sem Dietrich Bonhoeffer undirstrikar í fyrri skrifum sínum, þ.e. áður en veldi nasismans hafði náð taki í Þýskalandi og Evrópu. Vel heima í fornkirkjulegri túlkun á illskunni tekur hann t.d. undir með Ágústínusi varðandi það atriði að illskan sé val og að hún byggist á frjálsum vilja mannsins. Upprunalega þekkti maðurinn aðeins hið góða, skrifar Bonhoeffer, þekking hans á hinu illa sé til komin vegna þess að hann hafi frelsi til að segja skilið við hið góða. Vilji og eðli mannsins skýri illvirki hans. Guðsmynd mannsins er löskuð eftir syndafallið og það sem maðurinn vilji sé að gerast sjálfur Guð er samhljóða niðurstaða Bonhoeffers og Ágústínusar.¹⁵ Þá var Bonhoeffer mikill friðarsinni og færði biblíuleg rök gegn því að ráðist skyldi gegn illsku með ofbeldi. Að beita illu gegn illskunni taldi hann að gengi þvert á boðskap Jesú. Í bókinni *The Cost of Discipleship*, sem kom út árið 1937, áður en stríð nasista braust út, vitnar hann í Fjallræðuna skoðun sinni til fulltingis og bendir á að Jesús hafni því að einstaklingurinn rísi gegn þeim sem geri honum mein. Það er rangt að endurgjalda illt með illu, skrifar hann, en þeirri afstöðu megi þó alls ekki rugla saman við það að samþykkja illskuna. Ráðist maður gegn illskunni með ofbeldi, magnist hún og eflist og slíkt leiði til enn meiri hörmunga.¹⁶

Örfáum árum síðar, þegar helför nasista stóð sem hæst, má sjá ný blæbrigði í illskutúlkun hans. Í stuttum texta sem skrifaður var skömmu áður en hann var hnepptur í fangelsi af nasistum og hann nefnir „Uppgjör við áramót 1942/43“ snýst vandamálið um það að menn átta sig ekki enn á hvað býr að baki hugmyndafræði nasismans heldur trúá því að stefna Hitlers verði samfélaginu til farsældar.¹⁷ Það sem gerst hefur, að mati Bonhoeffers, er að illskan hefur varpað yfir sig huliðshjálmi og í krafti náinna tengsla sinna við valdið birtist hún sem eitthvað allt annað en hún er í raun og veru. „Það ruglar okkur fullkomlega,“ skrifar hann, „að hið illa skuli geta birst í mynd ljóssins, í góðum verkum, í því sem er mikilvægt á líðandi stundu, í réttlætinu.“¹⁸ Bonhoeffer talar í þessu sambandi um hinn mikla grímudansleik illskunnar þar sem öll siðferðileg meginhugtök hafi ruglast. Slægð illskunnar og tengsl hennar við valdið hafi slegið fólk blindu og því láti það framgang nasismans viðgangast. Fólk sjái ekki lengur muninn á réttu og röngu ítrekar Bonhoeffer og gagnrýnir kristið fólk fyrir andvaraleysi og aðlögun að valdinu og tilbeiðsluformum þess í stað þess að ögra heiminum, sýna djörfung og berjast gegn illskunni.

¹⁵ Dietrich Bonhoeffer, *Ethics*, ensk þýðing eftir Neville Horton Smith, London: SCM Press, 1963, bls. 3–4. (Þýsk útgáfa: *Ethik*, München: Kaiser Verlag, 1949.)

¹⁶ Dietrich Bonhoeffer, *The Cost of Discipleship*, ensk þýðing eftir R.H. Fuller, London: SCM Press 1948, bls. 126–127. (Þýsk útgáfa: *Nachfolge*, München: Kaiser Verlag, 1937.)

¹⁷ Dietrich Bonhoeffer, *Fangelsisbréfin*, íslensk þýðing eftir Gunnar Kristjánsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2015, bls. 51–73. Bonhoeffer sat í fangabúðum nasista um tveggja ára skeið eða allt til þess dags er hann var tekinn af lífi þann 8. apríl 1945. Í bréfum sem hann skrifaði á fangelsistímanum leitaðist hann við að túlka þá stöðu sem þá var uppi í Evrópu.

¹⁸ Dietrich Bonhoeffer, *Fangelsisbréfin*, bls. 53–54.

Hvorki skynsemismaðurinn, hinn samviskusami og skyldurækni, hvað þá heldur ofstækismaðurinn, sjá í gegnum vald hins illa heldur Bonhoeffer fram. Hvers vegna er það svo? Svarið hefur þegar verið gefið í bréfum Nýja testamentisins, það er vegna þess að það læðir sér inn þar sem síst skyldi. Hið illa og góða blandist stöðugt á þann hátt að hið góða er misnotað í þágu hins illa.¹⁹ Í framhaldi af þessari staðhæfingu ítrekar Bonhoeffer þátt valdsins í þessari hættulegu stöðu. Vald og heimsku tengjast segir hann, „Vald eins þarfnast heimsku annars“. Þegar valdið nær tökum á manneskjunni er hún, að hans mati, rænd innra sjálfstæði sínu. Ef við heimfærum þessi orð upp á þær kringumstæður sem einkenndu samfélagið í Þýskalandi um áramótin 1942–43 skiljum við betur hvað hann á við. Hugmyndafræði nasismans hefur verið þröngvað upp á fólk með valdi, þegar hún hefur náð taki á manningum er honum ekki sjálfrátt lengur, hann er blindaður, misnotaður og í reynd hefur honum verið misþyrmt! Bonhoeffer skrifar: „Þegar hinn heimski hefur þannig verið gerður að viljalaus verkfæri er hann einnig fær um að vinna illvirki og jafnframt ófær um að skynja hið illa. Í því felst hættan við djöfullega misþyrmingu sem getur hæglega dæmt manninn í vonlausu stöðu það sem eftir er.“²⁰

Þessi skrif Bonhoeffers kallast á við skoðun Arnes Vetlesen hér að framan um það hvernig kringumstæðurnar skapa hinu illa vettvang og brautargengi. Meginatriði í að þær aðstæður skapast er að hið góða og hið illa fléttast saman og að svo ördukt er að greina þar á milli. Mjög svipaðar áherslur og þessar eru áberandi hjá bandaríska samtímaguðfræðingnum James Poling sem fimmtíu árum eftir lát Bonhoeffers slær á svipaða strengi í bókinni *Deliver Us From Evil* (1996) en þar útlistar hann hin mörgu lög illskunnar sem sífellt blandast hinu góða.²¹ Lög illskunnar, líkt og valdsins, segir hann að fléttist saman á persónulegu, samfélagslegu og trúarlegu plani. Þannig birtist illskan í túlkun Polings fyrst og fremst sem misnotkun á valdi efnahagslegra afla og ýmissa samfélagsstofnana, auk trúarlegrar og pólitískrar hugmyndafræði. Allir þessi valdapættir hafa það hlutverk, að hans mati, að styðja við og réttlæta illskuna og stuðla þar með að vexti hennar og viðgangi í sínum margvíslegu, lævísu myndum.²² Poling útskýrir að illskuskilningur hans hafi tekið stakkaskiptum frá því sem áður var er hann fetaði slóð ágústínsskrar túlkunarhefðar nær gagnrýnislaust. Rannsóknir samtímaguðfræðinga hafi sannfært sig um að illsku sé ekki aðeins hægt að skoða sem afleiðingu illrar breyttni einstaklinga og hópa, vegna vilja þeirra og löngunar eða sem flókinn vef valds sem felist í hugmyndafræði og ofbeldi sem orðið hafi til á löngum tíma fyrir tilstilli meðvitaðra og ómeðvitaðra gjörða og áætlana fjölda aðila. Þótt illska birtist vissulega í öllum þessum fyrirbærum sé hún þó mun flóknara og kyngimagnaðra afl en svo. Illska eigi sér bæði persónulega og samfélagslega ásýnd, sögu og tilvist. Hún sé kerfisbundin og einstaklingsbundin í senn og birtist á sérhverju plani mannlegs lífs, þar á meðal hinu trúarlega. Hún sé einfaldlega óaðskiljanlegur hluti veruleikans á öllum tímum, alls staðar í heiminum.²³

¹⁹ Sama heimild, bls. 56.

²⁰ Sama heimild, bls. 60.

²¹ James Poling, *Deliver Us from Evil: Resisting Racial and Gender Oppression*, Minneapolis: Fortress Press, 1996.

²² James Poling, *Deliver Us from Evil*, bls. xv, 110–111.

²³ Sama rit, bls. 112.

Með þessari afstöðu má segja að Poling sé ekki aðeins undir sterkum biblíulegum áhrifum, líkt og finna má hjá Bonhoeffer, heldur og undanfari samtímaguðfræðinga í þessum efnum. Illskan er, líkt og Ágústínus hélt fram á sínum tíma, sannarlega áþreifanlegt og raunverulegt afl. Hún er hluti veruleikans, raunveruleg og stundum en ekki alltaf auðrekjanleg. Gott og illt verður hins vegar ekki kirfilega aðgreint heldur rennur það sífellt saman, blandast og breytir um lögun. Til að leggja áherslu á þetta fyrirbæri vinnur Poling með raunverulegar frásagnir fólks sem reynt hefur illskuna á eigin skinni en jafnframt veitt henni öfluga mótstöðu. Í þeim hópi eru konur áberandi en einnig einstaklingar sem tilheyra samfélagshópum sem eiga langa sögu af því að þola misrétti og kúgun vegna húðlitar, uppruna, kyns, kynverundar og fleiri þátta. Óhætt er að segja að þar fari hann inn á þekktar slóðir femínískrar aðferðafræði sem um áratugaskeið hefur farið svipað að í greiningu sinni á óréttlátum samfélagsstofnunum og hugmyndafræði sem viðheldur og réttlætir kúgun, óréttlæti og ofbeldi í garð kvenna, þar sem þau hugtök eru jafnframt nöfn femínista yfir illsku. Við skulum nú taka skrefið til fulls yfir í túlkun Ivone Gebara á illsku út frá femínísku sjónarhorni. Ég mun ekki gera grein fyrir skoðunum Gebara í heild, það yrði of viðamikili verkefni. Það eru einkum tvö atriði sem tekin verða til skoðunar, hið fyrra er aðferðafræði hennar, einkum hinn femíníski hluti aðferðafræðinnar, og það með hvaða hætti hún snýr saman gagnrýnum og hefðbundnum kristnum túlkunarþráðum í umfjöllun sinni um illsku. Síðara atriðið er hvernig hún innlimar náttúruna og lífríkið í umfjöllun sína um sama efni og tengir þar með illsku við eitt mikilvægasta vandamál samtímans: loftslagsbreytingar af mannavöldum.

Úr djúpinu! Fátækar konur og náttúran í túlkun Ivone Gebara um illskuna

Í bók sinni *Out of the Depths: Women's Experience of Evil and Salvation* frá árinu 2002 beinir Ivone Gebara sjónum að reynslu fátækra, suðuramerískra kvenna í fjölskyldu- og heimilisaðstæðum þeirra, sem hefur, þar til nýverið, að mestu verið handan áhugasviðs kristinnar guðfræði. Fátæktina þekkir hún á eigin skinni enda hefur hún lifað og starfað í fátækrahverfum í heimalandi sínu um áratuga skeið. Gebara segist strax í upphafi bókarinnar munu sneiða hjá djúpum, klassískum trúarheimspeki- legum og tilvistarlegum spurningum tengdum illskunni. Hvað sem þeim orðum líður lít ég svo á að nálgun hennar sé bæði heimspekilega og guðfræðilega áhugaverð og nýskapandi, eins og vonandi verður ljóst eftir því sem á líður umfjöllun mína og greiningu.

Gebara segir nálgun sína vera fyrirbærafræðilegs eðlis og útskýrir það svo að viðfangsefnið sé hin hversdagslega illska, þ.e. illskan sem einstaklingar upplifi án þess að hafa val þar um, ósýnileg illska sem sé innbyggð í formgerðir og stofnanir samfélagsins, illskan sem við tökum varla eftir vegna þess að hún sé svo kirfilega samfléttuð daglegu lífi.²⁴ Gebara viðurkennir að í hinni kristnu túlkunarhefð hafi verið lögð áhersla á að hið illa sé raunverulega illt, tilkomið vegna frelsis mannsins. Þannig hafi fyrst og fremst verið litið á illskuna sem birtingarmynd frjáls vals og vilja einstaklinga. Illska í kristinni hefð, segir hún, tengist viljastýrðri breyttni, litið sé á

²⁴ Sama rit, bls. 1, 13–16.

hana sem viljandi gjörð sem orðin sé til fyrir tilstuðlan þekktra gerenda. Í þessu megi vissulega finna bæði rökfræðilega þverstæðu og guðfræðileg og siðfræðileg vandamál sem hún hafi þó takmarkaðan áhuga á að dvelja við. Áhugi hennar beinist því hvorki að spurningunni um uppruna illskunnar né að spurningunni um hvort illskan sé mannum eðlislæg — því hafi aðrir sinnt af stakri þryði.²⁵ Eftir lestur og túlkun á skrifum Gebara um þetta atriði fæ ég þó ekki betur séð en að hún samþykki og fylgi hinni klassísku túlkun upp að vissu marki. Þannig fylgir hún forsendum hennar en staðnæmist við frelsisskýringuna. Vandamálið þar er að aðeins er hægt að heimfæra frelsisskýringuna upp á karlmenn! Konur, ekki síst í því samhengi sem hún gefur sér í skrifum sínum, þekkja ekki raunverulegt frelsi í lífi sínu, ítrekar hún, hvað þá misnotkun þess. Þær hafa verið kúgaðar öldum saman, bæði af samfélagi og trúarhefð, sem hafi heft frelsi þeirra á allan hátt. Um aldir hafi trúarhefðin litið á þær sem syndugar og mun minna virði en karla. Frelsi hafi þannig aldrei verið raunverulega til staðar fyrir þær, ekki einu sinni frelsi til að fremja illvirki.²⁶

Andmæli Gebara, þar sem hún stendur frammi fyrir hefðbundinni og klassískri túlkun trúarhefðarinnar á tvíræðni frelsis mannsins, eiga sér sögulega hliðstæðu en hér þykist ég greina bergmál frá túlkunum þeirra Valerie Saving-Goldstein og Judith E. Plaskow í skrifum sínum frá 1961 og 1975. Þar gagnrýndu þær, hvor með sínum hætti, framsetningu þekktra, hvítra guðfræðinga varðandi það að synd og hroki mannsins væru tilkomin vegna frelsis hans, frelsis sem Guð hefði gefið honum.²⁷ Áhersla beggja snerist um að þessi staðhæfing ætti ekki við um konur því að þær hefðu sögulega aldrei búið við sambærilegt frelsi og karlar svo að syndir þeirra gætu ekki undir neinum kringumstæðum birst sem hroki og valdniðsla. Orð Goldstein frá 1961 enduróma sterkt í skrifum Gebara: „Guðfræði sem einbeitir sér að synd hrokans horfir ekki aðeins framhjá reynslu kvenna, heldur ýtir undir þann þrýsting sem konur finna alls staðar og heldur þeim frá því að vera konur og persónur.“²⁸

Þetta er mergurinn málsins. Þrýstingurinn sem Goldstein talar um er ein birtingarmynd kúgunar hinnar karllægu, kristnu trúarhefðar og áhrifa hennar á konur. Þrýstingurinn á konur að halda sér saman og halda sig við sinn leist, t.d. á sviði umönnunarstarfa og uppeldis, er annað orð yfir karllæga hugmyndafræði trúarhefðarinnar sem þrengir að frelsi kvenna. Þessi þrýstingur er helsti en ekki frelsi. Sá veruleiki sem Goldstein kom orðum að fyrir margt löngu virðist eiga við enn í dag — ekki síst í Suður-Ameríku en fátækar konur á þeim slóðum, segir Gebara, líta á kvenhlutverkið sem sinn mesta og þyngsta kross! Það að vera kona upplifa þær oft sem hreint helvíti á jörð. Fátækar konur lýsa samfélagi sem heftir þær og hindrar. Veruleiki þeirra einkennist af daglegri kúgun og þjáningu. Þjáning þeirra er þó ekki viðurkennd því hún þykir ekki nógu merkileg, skrifar Gebara. Fórni kvenna í þágu

²⁵ Sama rit, bls. 51–53.

²⁶ Sama rit, bls. 4–5.

²⁷ Valerie Saving-Goldstein gerði þetta í greininni „The Human Situation: A Feminine View“, *The Journal of Religion*, apríl 1960, en Judith E. Plaskow í bókinni *Sex, Sin and Grace: Woman's Experience and the Theologies of Reinold Niebuhr and Paul Tillich*, Boston: University Press of America, 1980. (Plaskow varði doktorsritgerð með sama nafni frá Yale-háskólanum árið 1975.)

²⁸ Solveig Lára Guðmundsdóttir, „Kristinn mannskilningur í endurskoðun“, *Kirkjuritið* 1/1990, bls. 30–34, hér 31. Solveig Lára fjallar í þessari grein um gagnrýni Goldstein á túlkun Reinholds Niebuhr og kenningu hans um mannlegt eðli, einkum það atriði að maðurinn misnoti frelsi sitt og ofmeti vald sitt en Goldstein andmælir hvoru tveggja með nákvæmlega sömu rökum og sjá má í skrifum Gebara. Þýðingin er fengin úr grein Solveigar Láru.

fjölskyldunnar og samfélagsins sé ekki nógu virðingarverð, samanborið við fórn karla sem fórnir líkömum sínum í hernaði og átökum fyrir þjóð og fósturjörð. Hversdagslegar fórnir og dagleg þjáning kvenna hafi engan dýrðarljóma yfir sér, sú þjáning eigi sér ekki einu sinni nafn í tákneheiminum. Þrátt fyrir að þjáningin blasi við, stari beint framan í okkur á hverjum degi, megi segja að þjáning kvenna eigi sér stað líkt og í hliðarheimi. Ef svo ólíklega vilji til að eftir henni sé tekið, þá sé henni mætt af fullkomnu skilningsleysi.²⁹

Hvað sem líður nýsköpun og frumleika í framsetningu og túlkun Gebara á illskunni myndi ég fara varlega í að halda því fram að hún snúi baki við hinni fornkrístu túlkunarhefð. Sú hefð er að mínu mati bæði grundvöllur og viðsyrna umfjöllunar hennar um veruleika hinna fátæku kvenna sem einkennist af illsku. Skref á vegi nýjunga tekur hún af hagnýtum ástæðum fyrst og fremst. Ástæðan er sú að hefðbundin túlkun gagnast ekki femínísku verkefni hennar, sem er að gera hin mörgu andlit illskunnar sýnileg í samtímanum, en hinar fjölskrúðugu birtingarmyndir illskunnar finnur hún í daglegum aðstæðum brasilískra, fátækra kvenna, í þrúgun þeirra og þögn. Það sem styður við og viðheldur illskunni í hinu daglega lífi er síðast en ekki síst hugmyndafræði menningarinnar sem boðar að konur séu syndugri en karlar og óæðri þeim í flestum greinum. Þá birtist illskan einnig sem þöggun sem aftrar frelsi og atbeina kvenna. Að afhjúpa allt þetta hefur hin fyrirbærafræðilega og femíníska nálgun að markmiði. Takmarkið er að fletta ofan af illsku menningarinnar og samfélagsins, mөлva hina mörgu, myrku kima karlveldis og kynjamismunar sem haldið hafa konum niðri öldum saman. Til að ná þessu markmiði undirstrikar Gebara hversdagsleika illskunnar með margvíslegum sláandi dæmum úr daglegu lífi kvenna, dæmum sem er þó of umfangsmikið að fjalla um hér.

Gebara velur að tala um illskuna í fleirtölu (e. *evils*)³⁰ frekar en eintölu og nefnir fjölmarga og margslungna þætti í veruleika kvennanna sem allir, með einum eða öðrum hætti, stuðla að kúgun, halda þeim niðri og hindra þær í að njóta sín og blómstra sem manneskjur í mynd Guðs. Greining hennar felur þó ekki það í sér að konum og körlum sé stillt upp sem eðlisólíkum andstæðum þar sem karlar séu einungis ruddar og konur fórnarlömb. Ef lýsa á mannskilningi Gebara mætti fremur segja að hann sé sá að sérhver manneskja sé ríkuleg blanda góðs og ills. Ófullkomleiki einkennir manninn og skilgreinir mennskuna. Að vera mennskur er að vera ófullkominn en hafa samt hæfni til að breyta bæði vel og illa. Hvað sem öllu líður telur Gebara ekki að manninum sé eiginlegri illskan en gæskan. Ófullkomleikinn tengist báðum möguleikum jafnt. Ófullkomleikinn er ávallt skilyrtur og ákvarðaður af þáttunum tíma og rúmi. Ófullkomleikinn, og þar með gott og illt, gerir okkur hvert öðru háð, sem ítrekar skyldleika allra manneskja. Djúpið er þó alltaf nálægt og yfirvofandi, það er alltaf eitthvað í mannlegri tilveru sem truflar og kemur á ójafnvægi, segir Gebara.³¹ Þótt fátækar suðuramerískar konur séu vissulega fórnarlömb karlveldishugmyndafræði gera þær aðstæður þær ekki sjálfkrafa að dýrlingum.

²⁹ Ivone Gebara, *Out of the Depths*, bls. 110–113.

³⁰ Arne Johan Vetlesen velur sömu aðferð til að draga athygli að illskunni í samtímanum, þ.e. að nota fleirtölu.

³¹ Ivone Gebara, *Out of the Depths*, bls. 136.

Bæði karlar og konur bera ábyrgð á hversdagslegri illsku menningarinnar og það sama gildir um að aflétta henni. Það er sameiginlegt verkefni beggja kynja.³²

Síðara atriðið í skoðun minni á femínískri guðfræðitúlkun Ivone Gebara á illskunni varðar það hvernig hún útvíkkar og jafnframt innlimar þjáningu annarra en manna í orðræðu sína. Sú útvíkkun gengur út á ábyrgt og uppbyggilegt andsvar andspænis þeirri ógn sem nú stöðjar að jörðinni vegna loftslagsbreytinga af mannavöldum. Yfirstandandi loftslagsbreytingar eru mannanna verk, líta má á þær sem margvísleg illvirki sem manneskjur hafa komið til leiðar með athöfnum sínum, meðvitað og ómeðvitað, á löngu tímabili. Hroki, græðgi, yfirráð og auðhyggja gætu verið nöfn á þessum margvíslegu „illskum“ en Gebara velur að setja hugtakið í fleirtölu, eins og fyrr er nefnt, til að undirstrika margbreytileika þess. Ástand jarðarinnar veldur daglegri þjáningu sem birtist ápreifanlegast í bágunum aðstæðum þeirra sem minnst mega sín í heiminum, ekki síst fátækra kvenna og barna. Ef heldur fram sem horfir á ástandið bara eftir að versna. Þannig er helsta sjónarmið Gebara í þessum efnum mannúðarsjónarmið. Aðstæður hinna fátæku eru í brennidepli umfjöllunar hennar, nú sem endranær. Hér á jafnframt við að gagnrýna handanheimsjónarmið og önnur hefðbundin sjónarmið guðfræðinnar sem hafa vísað tali um frelsun út fyrir mannkynssöguna og raunveruleikann. Þessu verður að hætta því að það er gert á kostnað þeirra sem lifa í heiminum nú og í framtíðinni, segir Gebara. Guðfræðin verður að umbreytast og við öll líka. Allt mannkyn þarf að breyta á annan hátt til að bjarga jörðinni. Þess vegna er nauðsynlegt að tala um frelsun á annan hátt en hingað til hefur tíðkast.³³

Umbreytinguna sem nauðsynleg er til að jörðin bjargist tengir Gebara klassískum kristnum hugmyndum um frelsun og upprisu lífsins. Á sama hátt og með illskuna telur hún gagnlegast að tala um slíka umbreytingu í fleirtölu og vísar til ýmiss konar ferla umbreytinga sem þurfi nauðsynlega að eiga sér stað. Þar með ögrar hún viðteknum, guðfræðilegum hugmyndum um frelsun manna, algildum, heimspekilegum kerfum, hugmyndum um algóðan og almáttugan Guð og svo framvegis. Allt slíkt tal er gildra, segir hún, en þó einkum fyrir hina fátæku sem lifa við aðstæður sem engin leið liggur burt frá. Burt með allt handanverutal en dveljum í veruleikanum eins og hann er, þ.e. á þessari jörð. Það er tillaga hennar.³⁴ Veruleikin er dýrmætur í augum Guðs, áréttar Gebara, og vitnar í Fyrstu Mósebók þar sem jörðin er staðurinn þar sem Guð dvelur. Í Fyrstu Mósebók sé veðjað á lífið — hversu lítilfjörlegt og hverfult sem það kunni að vera sé það þess virði að lifa því og elska það til fullnustu. Lífið sé viðkvæmt og allt sem sé viðkvæmt sé hverfult. Hjá hinu viðkvæma og hverfula, þar þurfi guðfræðin að læra að dvelja og una. Hin ljóðræna guðfræði Gamla testamentisins styðji við vídd viðkvæmninnar, bendi á hringrás lífsins, árstíðirnar, líkama dýranna, plantnanna og blómanna. Hugmyndir um hinn stóra og valdamikla Guð sé ekki að finna þar. Því síður finnist þar fangelsi hinna sterku hugtaka og skýru aðgreininga. Í ljóðrænni guðfræði Gamla testamentisins sé að finna draumsýn réttlætisins, lýðræðis og þakklætis, sem og víddarinnar að vita ekki, alla vega ekki fullkomlega. Ein af mikilvægustu ályktunum í túlkun Gebara er sú

³² Sama rit, bls. 61–72.

³³ Sama rit, bls. 121–123.

³⁴ Sama rit, bls. 123–125.

að vidd ófullkomleikans eigi að hafa þau áhrif á okkur að við séum auðmjúk og opin fyrir því að sýna hlutum sem við þekkjum hvorki fyllilega né skiljum algerlega meiri skilning og dýpri virðingu.³⁵

Þar með má segja að orðræða Gebara um illskuna sé um það bil tæmd en hún hefur snúist um dyggðir auðmýktar og sameiginleg tengsl alls lífs á jörðinni. Í viskubrunni guðfræði fortíðarinnar og samtíma lífvísinda hefur hún fundið mikilvæga þræði sem hún snýr saman með næmni og fínleika svo að hún geti talað á breyttan hátt um nauðsynlega frelsun heimsins og þar með jarðarinnar og lífríkisins á tímum hnattrænna loftslagsbreytinga. Ég ætla að enda þessa grein á að skýra þá sannfæringu betur því að ég tel að hér sé afar mikilvægt framlag á ferð sem við getum nýtt okkur varðandi það verkefni sem heimurinn allur stendur frammi fyrir nú um stundir, nefnilega hinar margvíslegu ógnir vegna loftslagsbreytinga af mannavöldum.

Af öllu því góssi sem Gebara réttir að okkur er það þó kannski hugtakið tengsl eða skyldleiki alls lífs sem er það allra mikilvægasta. Tengslahugmyndinni hefur vissulega oft verið gert hátt undir höfði í guðfræðisögunni en nú er tímabært að undirstrika tengsl alls lífs á jörðinni, skrifar Gebara og vísar þá ekki aðeins til tengsla Guðs og manns, eins og lögð er áhersla á í hefðbundinni, mannhverfri guðfræði, heldur er lífríkið einnig innlimað í umræðuna.³⁶ Þar styðst hún við nýjustu líf- og náttúruvísindi um sameiginleg tengsl og uppruna alla lífvera. Með útvíkkun skyldleikahugtaki ítrekar hún tengsl alls lífs innan sköpunarverks Guðs. Lítum á kóngulóarvefinn, segir Gebara, og sjáum hvernig allt er innbyrðis tengt og hvað öðru háð svo vefurinn haldist uppi. Kóngulóarvefjarlíkingin krefji mannkyn um allt annars konar hugsun og breytni í heiminum en guðfræðin hefur jafnan aðhyllst. Nú sé meiri þörf á hugtakinu hringrás en línulegri hugsun, svo að undirstrika megi hvernig áhrif á einum stað hafi áhrif á öðrum stöðum líka, ýmist strax eða síðar. Engin lifandi vera þrífist og dafni ein og aðskilin frá umhverfi sínu og samfélagi. Á tímum hnattrænna loftslagsbreytinga réttir Gebara þannig fram byggingarefni í nýjan frelsunarskilning fyrir heim og jörð sem byggist á umfangsmandi og umvefjandi ímynd líffræðilegs margbreytileika og líffræðilegra tengsla og sameinar þá ímynd femínískri guðfræðitúlkun þar sem jafnan hefur verið lögð áhersla á tengsl fram yfir stigveldi.³⁷

Að framan höfum við séð hve mikilvægt það er í augum Gebara að fjalla um illskuna sem fleirtölufyrirbæri. Með því móti áréttar hún að illskan hafi hagnýta og sögulega merkingu og flestum okkar verði betur ljóst að við þekkjum margar birtingarmyndir hennar í umhverfi okkar og menningu. Með þessu móti hafnar Gebara almennri heildartúlkun á efninu, hún fetar sömu slóð og femínískir guðfræðingar hafa farið um langa hríð, leið sem tekur á sig krók og forðast hátimbrað, heimspekilegt og guðfræðilegt orðfæri en staðnæmist við hversdagslega umfjöllun um það sem fátækar konur upplifa sem margvíslegar illskur í daglegu lífi sínu. Þar ber ekki endilega allt að sama brunni því að konur í mismunandi aðstæðum upplifa hið illa á mismunandi vegu, áréttar hún. Illskan hafi þúsund andlit og einmitt þess

³⁵ Sama rit, bls. 131–132.

³⁶ Sama rit, bls. 132–133.

³⁷ Sama rit, bls. 134–138.

vegna þurfi að hugsa sér þúsund mismunandi „frelsanir“ til að mæta henni.³⁸ Ég hef áður komið inn á það að Gebara ver sig gagnvart því að fjalla heimspekilega eða frumspekilega um illskuna en hef jafnframt bent á að hvað sem þeim orðum líður megi greinilega sjá áhugaverð tök og takta hjá henni í þeim efnum. Ég ætla að ljúka umfjöllun minni um illskutúlkun Gebara með því að nefna nokkur dæmi um þetta og tengja jafnframt túlkun hennar við ýmsa aðra sem hafa verið nefndir til sögunnar í þessari grein.

Í ríkri og marglaga fyrirbærafræðilegri orðræðu Gebara um margar myndir illskunnar má finna orðfæri um fyrirbærið þar sem því er líkt við visst ójafnvægi eða truflun sem setji svipmót sitt á allt líf manna í heiminum. Þetta ójafnvægi upplífi fólk og hópar þó á marga og mismunandi vegu. Það sem þetta segir, að mínu mati, er að illska sé alltaf nálæg og í raun hluti mannlegrar tilveru. Hún sé viss fasti í tilveru mannsins og þar með er orðið stutt yfir í að segja, líkt og Arne Vetlesen gerir, að hún sé til staðar innra með hverjum og einum. Illskan er löngun eða vilji, staðhæfði hann, hún býr í okkur öllum og hana má auðveldlega laða fram við ákveðnar kringumstæður. Þetta er alls ekki langt frá því að segja að hún búi hið innra með mannum og birtist sem vanhæfni eða ófullkomleiki sem hindri manneskjur í því að lifa rétt, nokkuð sem flestir þekkja.³⁹

Á líkan hátt gæti Gebara líka hugsað um illskurnar. Henni er það auðvitað alls ekki framandi að tala um hið illa sem röskun eða truflun í sál eða geði mannsins, eitthvað sem afvegaleiði og ýti undir sjálfelsku en tal á slíkum nótum beinir huganum í átt að Ágústínusi og arfleifð hans, sem Gerbara þekkir eins og lófann á sér. En hún neitar sér um það í þeim tilgangi að undirstrika hið augljósa í hennar augum, það að illskurnar eru alls staðar í hinu hversdagslega lífi, ekki síst lífi hinna fátaeku og lágt skrifuðu í heiminum. Þeirra vegna velur hún annars konar orðræðu sem hún trúir að sé skiljanlegri fleira fólki. Í þeirri orðræðu vísar illskan jöfnum höndum til nútíðar, fortíðar og framtíðar. Stundum birtist hún sem óvæginn sjúkdómur sem ræðst á manninn, heltekur líkamann, hneppir hann í fangelsi, eyðileggur áætlanir og vonir um framtíðina. Illska getur einnig birst í ofgnótt, t.d. í að maður hafi of mikið af efnislegum gæðum. Það er líka illska þegar manneskjur einbeita sér að ríkidæmi og völdum og njóta efnislegra hluta á kostnað annarra verðmæta. Þá getur illska birst í dýrkun á einstaklingnum, í því að nýta forréttindi sín sem hvítur, útvalinn karlmaður. Það er hræðileg illska að halda fram yfirburðum karlkynsins í samfélaginu, skrifar hún, en slík viðhorf gegnsýra félagslegar, pólitískar, menningarlegar og trúarlegar formgerðir samfélaga víða um heim. Síðast en ekki síst er það illska að arðræna jörðina, gera hana að viðfangi gróða og auðsöfnunar, líta á hana sem sína einkaeign, á kostnað samfélagsins. Illska birtist líka í því að halda því fram að trúarhefðir geti frelsað fólk og að einhver einn einstaklingur þekki og skilji vilja Guðs. Þá birtist illskan í því að sætta sig við kúgun sem örlög án þess að berjast fyrir manngildi sínu. Illskan býr í ógnandi þögn og þöggun, líka í því að missa þá sem manni þykir vænt um, verða fyrir vonbrigðum, gleymast og vera yfirgefinn. Það sem virðist þó grundvallaratriði í öllum þessum mismunandi lýsingum er að hið illa á sér

³⁸ Sama rit, bls. 139.

³⁹ Sama rit, bls. 139–140.

sömu uppsprettur og hið góða, hið góða spillist og verður að illu. Þar er hún sammála Bonhoeffer og Ágústínusi.⁴⁰

Niðurstaða skoðunar minnar á illskutúlkun Gebara í samtímanum er þá sú helst að það sé miður gagnlegt að gleyma sér í skýringum á uppruna illskunnar. Önnur niðurstaða er sú að gott og illt blandist og birtist iðulega samtímis. Illskurnar hafa mörg andlit, mörg heiti, og sú skoðun samrýmist vel því sem Swartley heldur fram, því að hina kristnu hefð hafi frá upphafi ekki skort heiti á illskuna. Hvaða heiti hentar best fer svo eftir samhenginu. Það hafa samtímaguðfræðingar eins og Poling og fleiri lagt mikla áherslu á. Það sama ítrekaði Bonhoeffer, að illskan, líkt og gæskan, væri alltaf nálæg, hún byggði mitt á meðal okkar en það þurfi ákveðnar kringumstæður og mannlegan atbeina til að stuðla að vexti hennar og viðgangi. Að þessu gefnu er það ályktun höfundar og niðurstaða greinarinnar að það sé verkefni samfélagsins og einstaklinga að bera kennsl á illskuna og hamla gegn áhrifum hennar í samfélaginu. Við getum lagt til hliðar frumspekilegar skýringar á uppruna hennar því að þær gagnast okkur ekkert í baráttunni við hin margvíslegu mein sem valda illu í samfélagi okkar og menningu. Hins vegar er mikilvægt að viðurkenna illskuna, horfast í augu við hana og nefna hana réttu nafni, sem er mismunandi eftir aðstæðum. Á tímum loftslagsbreytinga þurfum við enn á ný að endurhugsa illskuna og bera kennsl á hinar mörgu birtingarmyndir hennar. Illskan á tímum loftslagsbreytinga birtist í jarðvegseyðingu, súrnun sjávar, dauða býflugna og umhverfisspjöllum og umhverfisslysum af mismunandi tagi, svo að fátt eitt sé nefnt. Síðast en ekki síst birtist illskan í andlitum flóttafólks og hælisleitenda sem flýja heimkynni sín í þriðja heiminum vegna aðgerða okkar sem búum í fyrsta heiminum.

Tengslaskilningur sá sem Gebara heldur á lofti gefur von um að breytingar til hins betra geti legið í loftinu, bæði fyrir hina fátæku og jörðina okkar allra. Kristna kærleiksboðorðið um að elska náungann eins og sjálfan sig, sem og gullna reglan, fela vissulega í sér mikilvæga tengslavídd sem tekur til mannglegra samskipta. Þá vídd þarf að víkka út þannig að hún vísi til lífríkisins í heild. Öllum stigveldislíkönum varðandi Guð, mann og heim þarf að hafna til frambúðar en eins og Gebara bendir á þá er Kristur sem karlmaður enn mikilvægur í táknefni guðfræði Suður-Ameríku en konur, börn og náttúra sitja hins vegar enn á botninum bæði táknafræðilega og í raun. Á þá fornu guðfræðilegu hugmynd má líta sem enn eina birtingarmynd illsku í heiminum. Gegn öllum slíkum stigveldishugsunarhætti verður að tefla tengsla-hyggju þar sem leitast er við að binda allt líf saman, líkt og kóngulóarvefurinn gerir. Tengsla- og skyldleikalíkanið í margvíslegum útfærslum opnar þannig á samþætt réttlæti milli manna og annarra lífvera í heiminum og felur því í sér vistréttlæti sem er sú tegund réttlætis sem jörðin þarfnast mest nú um stundir.

⁴⁰ Sama rit, bls. 140–141.